



Fræðslufundar um störf nefnda hjá Mosfellsbæ, haldinn miðvikuaginn 7. september 2016

Sigurður Snædal Júlíusson

Efni:

1. Almennt um nefndir og seturétt
2. Boðun til funda og dagskrá
3. Hæfi til að taka þátt í atkvæðagreiðslu
4. Valdsvið nefnda
5. Fundarsköp og atkvæðagreiðsla
6. Bókanir í fundargerðum
7. Frágangur fundargerða
8. Lausn frá nefndarsetu og endurskipun
9. Fundargátt fyrir kjörna fulltrúa





Helstu réttarheimildir

- Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
- Ýmis sérlög og reglugerðir um einstök viðfangsefni nefnda.
- Samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar.
- Einstakar samþykktir um tilteknar nefndir eða svið, t.d.
 - Samþykktir fyrir fjölskyldunefnd, fræðslunefnd, skipulagsnefnd o.fl.
- Aðrar samþykktir/reglur Mosfellsbæjar sem við eiga:
 - Ath. siðareglur kjörinna fulltrúa.
 - Verklags- og samskiptareglur kjörinna fulltrúa, nefndarmanna og stjórnenda Mosfellsbæjar.
 - Allt á netinu undir „Stjórnkerfi“ „Reglur og samþykktir“.



Almennt um nefndir

- Fjölskipað vald (afl atkvæða ræður úrslitum).
- Fleiri menn annast saman stjórnsýsluna.
- Einungis heimilt að taka ákvarðanir á settum og löglega boðuðum fundi.
- Samstarf utan setts fundar í nefnd = óformlegt og án skuldbindinga.



Hverjir eiga seturétt í nefndum?

- Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir bæjarins, þ.e. aðalmenn, varamenn og áheyrnarfulltrúa.
 - Kosningaréttur (18 ára, lögheimili) í sveitarfélaginu kjörgengisskilyrði nema sérstakar undantekningar eigi við.
 - Þá eru starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags almennt ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.
- Kjörtímabil nefndar að jafnaði hið sama og bæjarstjórnar, þ.e. 4 ár.
 - Undantekning er bæjarráð sem bæjarstjórn kýs til 1 árs í senn.
- Starfsmenn eiga ekki rétt til setu en nefndir geta heimilað að tilteknir starfsmenn séu viðstaddir og eins er starfsmönnum skylt að sitja fundi ef eftir því er óskað. Jafnframt heimilt að fela starfsmönnum ritun fundargerða.



Boðun til funda og dagskrá

- Formaður nefndar boðar til fundar og ræður dagskrá að meginstefnu.
 - Í raun starfsmaður nefndar í samráði við formann.
 - Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs í samráði við forseta.
- Fundarboð og gögn verða að vera komin til nefndarmanna þannig að þeir hafi nægan tíma til að undirbúa sig undir fund.
 - Fundarboð skal berast nefndarmönnum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.
 - Ef aukafundur, a.m.k. einn sólarhringur.
- Fundarboð skal fylgja dagskrá fundarins og þau gögn sem eru nauðsynleg til að nefndarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.
 - Eru sett á fundargátt.
 - Almennt á ekki að bæta við gögnum eftir að fundarboð er farið út. Ef hins vegar nauðsynlegt er að gera það, ber að láta fundarmenn vita að nýtt skjal hafi komið inn. Geta þá undirbúið sig betur, eða komið mótmælum á framfæri fyrir fund.
- Hvað skal taka á dagskrá?
 - Erindi frá borgurunum sem beinlínis er beint til nefnda.
 - Erindi sem vísað er til nefndar frá bæjarstjórn eða öðrum nefndum.
 - Erindi frá nefndarmönnum, en nefndarmenn eiga rétt á því að fá mál tekin á dagskrá.
 - Önnur mál sem starfsmenn eru að vinna að og formaður telur að eigi heima á dagskrá nefndar.



Boðun til funda og dagskrá – frh.

- Ef erindi er ekki á útsendri dagskrá kann samt sem áður að vera heimilt að taka það á dagskrá fundar með afbrigðum, þ.e. ef meira en helmingur (2/3 í bæjarstjórn) nefndarmanna samþykkir að það komist á dagskrá. Bóka verður um þetta í fundargerð. Skylt er að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður eða áheyrnarfulltrúi krefst þess.
- Nefndir ákveða sjálfar fundardaga sína, en bæjarráð skal að jafnaði funda hvern fimmtudag.
- Boðun varamanna:
 - Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli.
 - Lögmæt forföll eru heilbrigðisástæður eða „aðrar óviðráðanlegar ástæður“.
 - Í slíkum tilvikum skal aðalmaður tilkynna forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður í hans stað. Aðalmaður skal einnig láta varamann sinn vita.
 - Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.



Hæfi nefndarmanna við atkvæðagr.

- Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna og starfsmanna er fjallað í stjórnsýslulögum og sveitarstjórnarlögum. M.a. vanhæfi ef nefndarmaður er sjálfur aðili að máli eða fyrirsvarsmaður aðila.
- Af sveitarstjórnarlögum verður ráðið að þessir aðilar teljast vanhæfir til meðferðar mála ef viðkomandi:
 - „sé eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar...“
 - eða ef mál varðar viðkomandi eða „nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þarf af...“
- Orki hæfi nefndarmanns tvímælis ber viðkomandi sjálfum að vekja á því athygli
- Nefndarmaður má gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni
- Nefndin sker sjálf og umræðulaust úr um vanhæfi nefndarmanns
- Nefndarmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt
- Nefndarmaður sem er vanhæfur skal yfirgefa fundarsal
- Hæfisreglur taka einnig til ritara (starfsmanns nefndar) og áheyrnarfulltrúa í nefndum
 - Ef aðili er vanhæfur til meðferðar og afgreiðslu máls skal boða varamann hans til meðferðar og afgreiðslu þess. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný.
 - Verði því ekki viðkomið að boða varamann getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað, nema 2/3 viðstaddra fundarmanna greiði atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefði í för með sér að gengið væri gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls (s.s. ársreikningar).



Valdsvið nefnda

- Nefnd er ályktunarhæf, á löglega boðuðum fundi, ef meira en helmingur nefndarmanna er mættur.
- Heimilt skv. lögum að fela tilteknum nefndum eða starfsmönnum fullnaðarafgreiðsluvald í samþykkt um stjórn sveitarfélags.
- Í Mosfellsbæ hafa fáar nefndir eða starfsmenn fullnaðarafgreiðsluvald (byggingarfulltrúi).
 - Sjá þó í 31. gr. samþykktar: „Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla erinda sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.“
 - Í reynd eru allar afgreiðslur bæjarráðs staðfestar í bæjarstjórn.
- Því teljast ályktanir nefnda ávallt tillögur til bæjarstjórnar jafnvel þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefnda.
- Fundargerðir nefnda síðan lagðar fyrir bæjarstjórn, sem afgreiðir mál sem nefndir hafa tekið afstöðu til með fullnaðarafgreiðslu. Fyrr en staðfesting bæjarstjórnar liggur fyrir hefur í raun ekki verið tekið endanleg ákvörðun í máli.



Valdsvið nefnda – frh.

- Nefndir geta í raun fjallað um öll mál en einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál Mosfellsbæjar, s.s.
 - staðfesting ársreiknings
 - fjárhagsáætlun og viðauka
 - lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar.
 - sölu eigna og annarra réttinda.
 - álagningu skatta og gjald
 - ráðning og uppsögn endurskoðanda



Þagnarskylda?

- Hvílir þagnarskylda á nefndarmönnum um það sem fer fram á fundum, þar sem fundir eru almennt lokaðir?
 - Í raun segir aðeins í lögum og samþykkt: „Bæjarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.“ (18. gr.).
 - Bæjarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi (20. gr.).
 - Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. (42. gr.)
- Ekki hægt að segja að það hvíli almennt þagnarskylda á nefndarmönnum.
- Þagnarskylda ríkir einungis um þau atriði sem eru þess eðlis að trúnaður á að ríkja um þau.
- Þó almenn viðmiðun að ummæli nefndarmanna á lokuðum fundum séu ekki birt eða vitnað í þau opinberlega, nema með þeirra samþykki.
- Á starfsmönnum hvílir einnig þagnarskylda.



Fundarsköp og atkvæðagreiðsla

- Formaður stýrir fundum og gefum mönnum orðið. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og fundir fari fram í samræmi við lög og samþykktir.
- Formaður sker úr ágreiningi um fundarsköp.
 - skjóta má úrskurði hans til nefndarinnar sem sker úr ágreiningi án umræðu
- Kosning fer fram með handauppréttingu.
- Þeir sem eru samþykkir / þeir sem eru á móti.
- Formaður skýrir frá úrslitum.
- Afl atkvæða ræður úrslitum.
- Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.
- Jafn margir með og á móti, fellur á jöfnu.
- Atkvæðagreiðsla ástæðulaus, formaður lýsir niðurstöðu sem færð er til bóka ef ekki koma athugasemdir.
- Áheyrnarfulltrúar taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu, hafa einungis málfrelsi og tillögurétt.



Bókanir í fundargerðum

- Formaður sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta (oft í samráði við starfsmann).
- Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð „stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.“
 - Stundum deilt um lengd bókana í bæjarstjórn. Réttur til bókana almennt rúmur.
- Bóka skal hvaða afgreiðslu mál hljóta í fundargerð. Niðurstaða getur verið:
 - „Erindi er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það, synja því, fresta því, vísa því til umsagnar annarrar nefndar eða starfsmanns, vísa því til endanlegrar afgreiðslu nefndar eða starfsmanns, eða vísa því frá bæjarstjórn.“
 - „Erindi sem einungis er til upplýsingar eða kynningar og þarfnast ekki efnislegrar niðurstöðu eru lögð fram.“
- Mikilvægt að ef erindi er ekki samþykkt samhjóða með öllum greiddum atkvæðum, að bókað sé hvernig atkvæði skiptust.



Bókanir í fundargerðum – frh.

- Mikilvægt að bókanir séu skýrar og gagnsæjar. Almennt væri t.d. betra að samþykkja eitthvað ekki með „vísan til umræðna á fundi“.
 - Stundum þó nauðsynlegt. Bókanir oft á tíðum viðkvæmt mál.
 - „Samþykkt með þremur atkvæðum að fela lögmanni að ganga til samninga við bréfitara í samræmi við umræður á fundinum.“
 - Orðalag: „Erindinu synjað“ eða „nefndin sér sér ekki fært að verða við erindinu.“
 - Ath. þó bókanir um bæjarlistamann, íþróttamenn sem hljóta styrki o.s.frv. sem samkomulag er um að leynt fari um tíma.
- Bannað að breyta fundargerð, bókunum, eða gögnum, eftir að fundi er lokið.
 - Leiðréttingar verða að vera afgreiddar af nefnd:
 - „Samþykkt með þremur atkvæðum að leiðrétta bókun bæjarráðs frá 25. febrúar sl. þar sem fram koma að lóðinni Desjamýri 3 hefði verið úthlutað til Togt ehf., en henni hefði átt að úthluta til óstofnaðs félags í eigu Togt ehf. og Oddsmýri ehf. Nú hefur hið óstofnaða félag verið stofnað og því er nú ákveðið að fallast á erindi bréfitara og færa úthlutun lóðarinnar Desjamýri 3 frá Togt ehf. til félagsins Desjamýri 3 ehf.“



Frágangur fundargerðar

- Í lok fundar rafræn fundargerð prentuð út og hún undirrituð að viðstöddum nefndarmönnum, og eftir atvikum ritara.
- Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.
- Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.



Lausn og endurskipun

- Nefndarmönnum, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er.
- Aðal- eða varamenn geta óskað eftir lausn frá störfum, tímabundið eða út kjörtímabil.
- Sveitarstjórn getur hvenær sem er ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu.
- Ennfremur getur bæjarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun.
- Ef nefndarmenn missa kjörgengisskilyrði (t.d. flytja úr sveitarfélaginu) verður að skipta þeim út.



Ítarefni

- Sjá auk þess eftirfarandi ítarefni:
 - Minnisblað lögmanns um réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa. Get sent á þá sem þess óska.
 - Að vera í sveitarstjórn; hlutverk og ábyrgð sveitarstjórnarmanna, sjá á vef SÍS, samband.is.
 - Fundir og fundargerðir; að stýra fundi – ritun fundargerða, sjá á vef SÍS, samband.is



Þakkir fyrir komuna og þátttökuna í fræðslufundinum



MOSFELLSBÆR